# heimili & hönnun

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM HÍBÝLI ]

júlí 2011




## Faldir fjársjóðir

Sigga Heimis fjallar um eftirsótta nytjahluti.

SÍÐA 2

## Margt að sjá

Kaupmannahöfn kraumar af spennandi hönnunarviðburðum.

SÍÐA 6





# UNAÐSREITUR

Hjónin Janina og Jozef Misiejuk rækta garð með alls kyns fögrum blómum og sumum framandi.

BLS. 4


VIKUTILBOÐ Á 500GB FLAKKARA




WD

13.990

FULLT VERÐ KR. 16.990

SEX VERSLANIR

ALLTAF BETRA VERÐ

WD Passport 500GB
2,5" flakkari með 500GB hörðum disk, USB 3.0, einföldum myndrænum afritunarhugbúnaði og 256-bita lás sem verndar gögnin.

TÖLVULISTINN TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

## UNDIR SÓLINNI...



● **THE BEAK SNAGINN** er hannaður af hinni dönsku Bodil Vilhelmine Dybvak Pedersen. Hann er bæði sniðug og falleg lausn fyrir heimilið. Snaginn hefur áfasta klemmu sem getur haldið uppi ýmsum hlutum eins og jökkum, leðurstígvélum eða viskastykkjum. The Beak er ný vara í Epal.



● **HOCH DIE TASSEN** er ný hönnun eftir Hrafnkel Birgisson. Hann gefur gömlu postulínsundirskálinni nýtt líf með því að sameina hana við fallega hannaðan glervasa. Hver vasi er einstakur og mun koma í sölu hjá Birkilandi, www.birkiland.com, í byrjun næstu viku.



● **JAPÖNSK LÍMBÖND FRÁ MT MASKING TAPE** eru til í öllum regnbogans litum og með alls kyns munstrum. Ekki eru þau einungis notuð til gjafaskreytinga heldur er hægt að breyta kommóðu, matarstelli og jafnvel búa til veggklukku með þeim. Límböndin eru búin til úr hrísgrjónapappír og er auðvelt að fjarlægja þau. Límböndin eru nýkomin í sölu hjá Epal.

● **Forsíðumynd:** Vilhelm Gunnarsson **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is **Auglýsingar:** Ívar Örn Hansen s. 512-5429 **Útlitshönnuður:** Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is.












**Ekki telst til lýtis ef sér á hlutunum eins og á leðrinu á þessum stól. Hann kemur frá Fritz Hansen og er oft nefndur Kínastóllinn.**



**Húsgögn og lampar eru klassískir hlutir sem margir eru á höttunum eftir.**

# Hönnunarfjársjóðir

● Hönnunarsagan hefur getið af sér marga þekkta hluti en sagan er löng og flókin og erfitt getur verið að kannast við allt.

**Sigga Heimis**
**iðnhönnuður**
skrifar í Heimili&hönnun
*sigga@siggaheimis.com*



Margir hönnunarfjársjóðir leynast uppi á háalofti eða niðri í kjallara á mörgum heimilum. Margir telja húsgögnin verðlaus ef þau eru í lélegu ásigkomulagi eða mikið notuð en það er fjarri lagi.

Verðmæti þessara nytjahluta er mikið og eru húsgögn sem voru framleidd á meðan hönnuðir þeirra voru á lífi oft nefnd „the true originals“ sem útleggst á slæmri íslensku sem „sannir orginalar“.

Hönnuðir áður fyrr voru í nánu sambandi við sína framleiðendur og heimsóttu reglulega verksmiðjurnar. Þá voru framleiðendur minni, handverkið meira og samskipti áttu sér stað beint á milli hönnuða og handverksfólksins.

Hönnuðir líkt og Arne Jacobsen og Poul Kjærholm fylgdust stíft með að allt færi fram eftir þeirra óskum og að gæði og frágangur væru af bestu gerð.

Þess vegna hafa húsgögn framleidd á þessum tíma fengið meira gildi og eru metin hærra þrátt fyrir slitið útlit og margra ára notkun.

Á uppboðum og í sérverslunum með notaða hönnunarvöru seljast þekktustu húsgögnin fyrir háar upphæðir og nær aldrei ódýrara en ný vara hjá viðurkenndum framleiðanda. Það þykir oft kostur að leður eða viður sýni aldurs- og notkunarmerki og verðmætið minnkar ekki við það. Þvert á móti.

Á Norðurlöndunum er tiltölulega auðvelt að finna þekkta hönnun. Hægt er að hafa heppnina með sér því það leynast stundum dýrmæti á flóamörkuðum og hjá hjálparsamtökum eða á sorpstöðvum.

Almenn kunnátta fólks á hönnunarsögunni hefur þó aukist til muna svo fjársjóðafundur heyrir nær til undantekninga og helst leitar fólk til fagaðila.

En það getur borgað sig að taka til í geymslunni og sjá hvort þar leynist fjársjóður sem koma má í verð.

**Hér eru nokkrir aðilar og vefsíður þar sem hægt er að nálgast notaða hönnunarhluti:**

www.nittonhundra.se
www.lauritz.dk
www.tradera.se
www.epal.is



**Eggið eftir Arne Jacobsen er eftirsóttur „klassíker“ og sérstaklega stólar sem eru í eldri kantinum. Fóturinn hefur breyst í tímans rás og taka glöggir hönnunaráhugamenn eftir því þegar um eldri útgáfur er að ræða.**



**Sænski lampinn Bumlingen sást víða á heimilum um 1970 en selst dýrt hjá fornmunaverslunum í dag.**

# ego dekor



Glerskápur
Breidd 100cm
Verð: 118.000,-

HETTHI HVÍTT HÁGLANS
Skenkur Breidd: 180cm
Verð: 178.000,-

Stækkanlegt borð 160(248)X100
Verð: 178.000,-



ERIC Skenkur
Breidd: 170cm
Verð: 139.900,-

BORÐSTOFUBORÐ
200X100
TILBOÐSVERÐ: 87.920,-

TV Skenkur
Breidd: 200m
Verð: 98.000,-



# FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI



KINGSTON Leðurtungusófi
Stærð: 250X165
Verð: 278.000,-



ROMEO leðurtungusófi
Stærð: 320X165
Verð: 328.000,-



SCARLETT tungusófi
Stærð: 310X180
TILBOÐSVERÐ: 219.600,-



WIND tungusófi
Stærð: 295X167
TILBOÐSVERÐ: 207.400,- Skrautpúðar fylgja



CLIO leðurstóll
Verð: 15.900,-

PRIMA stóll
Verð: 13.800,-

VEGAS leðurstóll
Verð: 16.900,-



NEW ENGLAND tungusófi
Stærð: 252X165
TILBOÐSVERÐ: 169.200,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - sun: Lokað

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is

# Byrjaði allt með einu blómi

● Janina og Jozef Misiejuk eru fólk með græna fingur. Garðurinn sem þau tóku í fóstur í Kópavogi fyrir tíu árum er til vitnis um það, hann skartar fögrum blómum af ýmsum gerðum og sumum þeirra framandi. Einnig rækta þau grænmeti.

„Á síðasta ári var garðurinn mjög fallegur. Þetta árið ekki eins. Svo verður hann miklu fallegri eftir tvær vikur því þá verður margt útsprungið sem er það ekki nú,“ segir Janina hálf afsakandi. Samt er litskrúðið mikið í kringum hana.

Janina er pólsk og það er Jozep maður hennar líka. Þegar þau fluttu á Digranesveginn fyrir tíu árum var lóðin ein grasflöt.

„Hér voru engin blóm – bara gras. Ég spurði nágrannana hikandi hvort ég mætti setja niður pínulítið. Þeir sögðu já. Ég byrjaði með eitt blóm, síðan kom annað og svo alltaf meira og meira. Nágrannarnir sögðu: „Janina, ef þú vilt þá máttu nota allan garðinn, allt í lagi.” Þannig að ég var heppin. Jozef er líka mjög duglegur í garðinum. Hvorugt okkar reykir eða drekkur og þetta er okkar hobbí. Svo hjálpar tengdasonur okkar líka. Hann hefur smíðað garðhúsið og innganginn.“

Stundum kveðst Janina koma með blóma- og grænmetisfræ frá Póllandi og sá í íslenska mold. Því er hún með tegundir sem ekki sjást í öðrum görðum hér á landi. Svo hirðir hún fjölærar pottaplöntur sem vinkonur hennar henda og þær blómstra í höndum. „Ég bara klippi ofan af þeim og geymi þær svo á köldum stað yfir veturinn,“ segir hún.

*-gun*



Pólskt afbrigði af margaritu.



Þetta er datura og hún er pólsk. Síðasta ár bar hún tuttugu blóm en nú kom bara eitt,“ segir Ja
íslenska mold.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.
Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir. vísir



Janina hirti þessar pelargóníur síðasta haust hjá vinkonu sem ætlaði að henda þeim. Nú blómstra þær henni til heiðurs.



Fúsíurnar breiða úr sér í borðstofuhorni garðsins.



Skjaldflétturnar eru rétt að byrja.



Allt sprettur vel hjá Janinu



…nina sem oft kemur með fræ frá Póllandi og sáir í

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





…og Jozef., þar á meðal tómatplöntur og jarðarber.

## Blómstönglana burt

**● RABARBARI**

Rabarbari er kraftmikil jurt sem auðvelt er að rækta hér á norðurslóðum og kemur að hluta til í stað suðrænna ávaxta. Hann er skyldur túnsúrunni enda er hann stundum nefndur tröllasúra.

Margir eiga rabarbara í garðinum sínum og þykir gott að grípa til hans í grauta, saft og sultu, kökur og eftirrétti. Bestur er hann á vorin.

Rabarbaraplöntur blómgast þegar líður á sumarið en best er að skera burt blómstönglana jafnóðum og þeir vaxa því þeir draga úr uppskeru, bæði þessa árs og næsta ef þeir fá að vaxa.



www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

# Skjót leið

til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

## Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.

Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.

Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00





Mannvirki eru sköpuð og brennd á uppákomunni The Burning Man í Bandaríkjunum.



Ýmislegt má byggja úr gömlum húsum. Mynd af sýningunni á Louisiana-safninu.

# Hönnunarborgin Kaupmannahöfn

● Skandinavísku höfuðborgirnar hafa upp á margt að bjóða þegar kemur að hönnun.

Kaupmannahöfn kraumar af hönnunarviðburðum í sumar. Fyrir utan arkitektúr víðs vegar um borgina sem blasir við gestum eins og SAS-hótelið þá eru margar sýningar í gangi.

Fyrst ber að nefna sýningu í hönnunarsafni Dana við Bredgade. Þar hefur breski naumhyggjuhönnuðurinn Jasper Morrison valið sína uppáhaldshluti úr danskri hönnunarsögu. Hann hefur alltaf heillast af einfaldleika skandinavískrar hönnunar og hefur notið áhrifa hennar í sínum eigin verkum.

Arken er nýlistasafn miðsvæðis í borginni sem einkennist af spennandi arkitektúr og vert er að heimsækja. Um þessar mundir sýnir Ólafur Elíasson þar en einnig eru aðrar áhugaverðar listasýningar í gangi.

Ekki má gleyma Danmarks Design Center en þar er margt í boði. Þar velta menn fyrir sér í sumar hugmyndum um framtíð hönnunar og endurvinnslu. Miðstöðin er miðpunktur fyrir skipulag og starfsemi hönnunar í landinu og gætir ýmissa merkilegra grasa þar.



Frá sýningunni Living á Louisiana-safninu. Tréhótel í Svíþjóð.

En lista- og hönnunarveisla bíður þeirra sem heimsækja Louisiana-safnið sem liggur norður af Kaupamannahöfn. Í sumar er boðið upp á meðal annars sýningu sem kallast Living þar sem rýnt er í framtíð arkitektúrs. David Hockney uppgötvaði töfra Iphone og Ipad og sýningin Me draw on Ipad sýnir árangurinn af þeirri vinnu. Louisiana sýnir einnig fágæt verk eftir meistara litanna, Josef Albers, sem vert er að skoða.

Að lokum má nefna að Louisiana er ein allsherjar lista- og arkitektúrsveisla sem hægt er að njóta allan ársins hring og er enginn svikinn af því að heimsækja þetta einstaka safn. *siggaheimis@com*






Ólympíuleikvangurinn Velodrome í London er tilnefndur til RIBA Stirling Prize 2011. NORDICPHOTOS/AFP

**● ÓLYMPÍULEIKVANGURINN VELODROME Í LONDON** sem hannaður var fyrir Ólympíuleikana árið 2012 hefur verið tilnefndur til hinna virtu arkitektúrverðlauna RIBA Stirling Prize 2011. Auk Velodrome eru sex aðrar byggingar tilnefndar, þeirra á meðal Royal Shakespeare Museum í Stratford og The Angel Building í London. RIBA Stirling Prize eru virtustu arkitektúrverðlaunin í Bretlandi. Verðlaunin eru veitt árlega til þess arkitekts sem talinn er hafa lagt hvað mest af mörkum til þróunar bresks arkitektúrs síðasta árið. Verðlaunin eru veitt til verkefna sem hafa verið byggð eða hönnuð í Bretlandi og voru fyrst afhent árið 1996. Niðurstöður verða tilkynntar í London í október.

**● ÞJÓÐARMIÐSTÖÐ LISTA Í KÍNA** er óperuhús í Peking, höfuðborg landsins. Bygging þess hófst árið 2001 og fyrstu tónleikarnir voru haldnir í desember 2007. Hönnun byggingarinnar var í umsjá franska arkitektsins Paul Andreu sem hefur sagt að slíkt tækifæri bjóðist aðeins einu sinni á ævinni. Andreu er þó virtur arkitekt og hefur meðal annars hannað alþjóðlega flugvelli í Shanghai, Abu Dhabi og Dubai. Einnig hefur hann unnið að skipulagningu Charles de Gaulle-flugvallarins í París frá árinu 1967. Óperuhúsinu hefur verið líkt við egg en það er gert úr títani og gleri með vatni í kring. Það tekur 5.452 manns í sæti í þremur sölum. Bygging hússins kostaði um 300 milljónir evra og hefur það verið umdeilt þar sem margir telja að erfitt geti orðið að ná þeirri upphæð til baka.



Andreu hefur sagt að tækifæri eins og að hanna óperuhúsið í Peking bjóðist aðeins einu sinni.

# SUMARTILBOÐ

## OG NÝJAR VÖRUR



12 mánaða vaxtalausar greiðslur

### SAGA OG ÞÓR
Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur



**Verðdæmi:**
SAGA Queen rúm **129.900**
ÞÓR Queen rúm **149.900**

### 70% afsláttur af pífu pilsum á rúm
Er til rykkt og slétt, í mörgum litum og stærðum.



### BOARD S-CAPE
**WALLHUGGER**

dregst að veggnum eins og nafnið bendir til.
Einn mest seldi ameríski botninn í heiminum.
Fæst í eftirfarandi breiddum:
80, 90, 97, 120, 140 og 150 cm

**Board** hefur allt sem gott stillanlegt rúm þarf að hafa á fábæru verði.
**S-Cape** er einnig með þráðlausa fjarstýringu og nuddi.



### 50% afsláttur af Lille rúmstæðum



**Stóri stuðningspúðinn kominn aftur 19.900**



### 50% afsláttur af rúmstæðum
**Í ljósum og dökkum kirsuberjavið**
160 cm, 180 cm og 193 cm.
Verð frá **41.450**

### IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Þrýstijöfnun er lykilorðið
Svæðisskiptar heilsudýnur með betri stuðningi, mýkra axlasvæði og góðum stuðningi við mjóbak
Betri öndun
Til í öllum algengustu rúmstærðunum

### ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA




Mest selda stillanlega heilsurúmið hjá Svefn og heilsu með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.




Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is




**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**

# heimili & hönnun

## HEIMA VIÐ



**INGIBJÖRG HANNA BJARNADÓTTIR**
**GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR**

Hún hefur getið sér gott orð fyrir hönnun sína á herðatré með hrafni ásamt fleiru sem sjá má á vefsíðunni www.ihanna.net.



**Síðasti hlutur sem ég keypti mér er?** …Guli vasinn Closely Separated Vase frá Muuto. Ég hafði dáðst að þessum fallega skúlptúr lengi. Þar sem bæði afmælið mitt og jólin eru í sama mánuði og stundum of langt að bíða fram í desember ákvað ég að gefa mér hann í sumargjöf.



**Eftirlætis húsgagnið mitt er?** …Sófinn sem amma mín og afi áttu. Ég dáist að honum endalaust. Strákunum mínum finnst hann ekki síðri og byggja oft hús úr pullunum á honum.

**Uppi á vegg hangir?** …Málverkið Mandala eftir Rannveigu Helgadóttur. Við hjónin fengum þetta fallega verk í brúðargjöf frá tengdaforeldrum mínum.



**Næsta framkvæmd á heimilinu er?** …Að klára gestaherbergið. Það hefur verið lengi á dagskrá en nú erum við komin á gott skrið og gestirnir geta farið að boða komu sína.




FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir